



21. stjórnarfundur KKÍ starfstímabilið 2021-2023

mánudagur 7. mars 2022 kl. 17:00

Mætt til fundar: Hannes S. Jónsson formaður (HSJ), stýrir fundi. Guðbjörg Norðfjörð Elíasdóttir varaformaður (GNE), Guðni Hafsteinsson gjaldkeri (GH), Lárus Blöndal (LB) Einar Karl Birgisson (EKB), Herbert S. Arnarson (HSA), Guðrún Kristmundsdóttir (GK) og Erlingur Hannesson (EH).

Birna Lárusdóttir annar varaformaður (BL) og Jón Bender (JB) boðuðu forföll.

HSJ og GNE rituðu fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Það á eftir að senda út fundargerð síðasta fjarfundar sem var þriðjudaginn 22. febrúar.

Undir þessum lið var rætt um áskanir aðildarfélagsins Aþenu og yfirlýsingar hópsins Öfgar. Stjórn sammála að taka áfram á málinu eins áður hefur verið samþykkt.

Fundur með leikmanni sem formaður og varaformaður hittu vegna ásakanna. Stjórn upplýst um fundinn.

2. Fjármál

Farið yfir fjármálin og stöðuna í dag. Því miður eru það alltaf sömu tvö til fjögur félög sem þarf að reka á eftir vegna greiðslna. Þetta gengur ekki svona og býr bara til leiðindi á milli félaganna og sambandsins. Einnig er vandamálið að því miður fylgjast sum félög ekki með skuldastöðu sinni eða vita ekki ástæðu skuldar sinnar. Enn verið að bíða eftir svörum frá ríkisvaldinu vegna frekari COVID stuðnings til félaga, sérsambanda og íþróttabandalaga.

HSJ fer yfir hitting með Errea.

3. Mótmál

LB fór yfir mótamálin sem og hugmyndir að nokrum breytingum á reglugerð. Stefnt að því að taka það fyrir aftur á næsta stjórnarfundum. Einnig var farið yfir skýrslu nefndar um móthald 16+, mótanefnd búin að fjalla um málið og tekur undir skýrslu nefndarinnar. Mikil og góð vinna að baki. Ákveðið að kynna skýrsluna og tillögurnar fyrir félögunum með fjarfundum í lok mars, fá athugasemdir og umræður.

HSJ fór yfir verðlaunaafhendingar á næstunni eða út marsmánuð.



KÖRFUKNATTLEIKSSAMBAND ÍSLANDS

KKÍ · Icelandic Basketball Association

KKÍ
Laugardalur Sport Center
Engjavegur 6, 2nd floor
104 Reykjavík, Iceland
+354 514-4100
kki@kki.is

4. Afreks-og landsliðsmál

HSA fór yfirnokkur atriði. Yngri liðin, U15, U16 og U18 voru á æfingum um síðastliðna helgi. Sagði frá samskiptum og fundi með félagi sem var ósátt við valið í eitt yngir landslið og telur að annarlegar hvatir búi að baki valinu. Rætt um sögulegan sigur við Ítalíu hér heima í undankeppni HM karla þann 24. feb síðastliðinn. Farið yfir þennan landsliðsglugga karlalandsliðsins.

5. Málefni erlendra leikmanna

Formenn félaga í Subway deildum hafa verið að hittast og ræða hvort það sé áhugi að fækka erlendum leikmönnum í deildunum. Vinnunefnd stjórnar mun halda áfram að vinna í málinu og afla upplýsinga til að leggja fram tillögur fyrir þing KKÍ eftir ár.

6. FIBA og ÍSÍ málefni

Vegna innrásar Rússlands í Úkraínu hefur FIBA ákveðið að rússnesk félagslið og dómaraar fá ekki að taka frekari þátt í Evrópukeppnum. Ekki búið að taka ákvörðun varðandi landsliðin en vonast eftir að sú ákvörðun komi sem fyrst. Ekki áhugi fyrir því hjá okkur að spila við Rússland eins og staðan er í dag.

7. Önnur mál

Næsti fundur mánudaginn 4. apríl